



**LANDARK ehf.**

Teiknistofa Stórhöfða 17.

Sími 567 7737

Netfang [petur@landark.is](mailto:petur@landark.is)

[www.landark.is](http://www.landark.is)

20. September 2015 .

Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar

Bjarki Jóhannesson

Hafnarfjarðarbær | Ráðhús Hafnarfjarðar

Strandgötu 6 | 220 Hafnarfjörður

**Varðar breytingu á deiliskipulagi Ásvalla, íþróttu og útivistarsvæði Hauka, Ásvöllum 1, Hafnarfirði.**

Fyrir hönd íþróttafélagsins Hauka þá er hér lögð fram breytingartillaga á deiliskipulagi Ásvalla, íþróttu og útivistarsvæði Hauka, Ásvöllum 1. Núgildandi deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn 2010. Erindið var áður inn til ykkar 23. Maí síðastliðinn og hefur hönnuður bætt við tveimur skýringarmyndum, með loftmynd undir og sniði til þess að skýra betur aðstæður á staðnum.

Breytingin felst í því að byggja knatthús sambyggt stúku með þaki austan við núverandi gervigrasvöll. Á gildandi skipulagsupprætti er á þessum stað sýnd bráðabirgðastúka, 5 metra há.

Knatthúsið sjálft er 64 x 44 metrar. Nettostærð vallar innanhúss er 60 x 40 metrar. Stúka verður sambyggð knatthúsinu og er núverandi stúka notuð og byggt við hana og tenginst hún knatthúsinu.

Stúkan tekur 1000 manns í sæti en sá fjöldi uppfyllir lámarskröfu

Knattspyrnusambands Íslands. Byggingareitur á skipulagsupprætti er sýndur 60 x 79 metrar til þess að gefa svigrúm við staðsetningu mannvirkis.

Knatthúsið stendur næst gróðurbelti við lóðamörk Hauka næst friðlandi Ástjarnar í um 5 metra fjarlægð en þetta gróðurbelti afmarkar friðlandið. Ef litið er á friðlandsmörkun á teikningu og lóðamörk Hauka þá er

misræmi í gangi, Ef litið er á auglýsingu um friðlandið , sjá tilvitnun neðar þá virðist það vera skýrt að mörk friðlandisins eru íþrótta og útivistarsvæði Knattspyrnufélags Hauka. Sjá jafnframt skýringarmyndir sem fylgja erindinu.

Ástjörn og Ásfjall - friðlýst 1978 og 1996 „Ástjörn, Hafnarfirði. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 189/1978. Stærð 25 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí. Fólkvangurinn umlykur friðland Ástjarnar. Útsýni af fjallinu er gott og sérstaklega áhugavert fyrir áhugafólk um jarðfræði og sögu höfuðborgarsvæðisins. Á Ásfjalli eru menjar um hersetu fyrr á öldinni.. Að tillögu umhverfisnefndar Hafnarfjarðar og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að landsvæði umhverfis friðlandið við Ástjörn og Ásfjall verði lýst fólkvangur, með skírskotun til 26. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd. **Mörk svæðisins eru: að vestan: Íþrótta- og útivistarsvæði Knattspyrnufélagsins Hauka, að norðan: Stekkur og framtíðaríbúðarbyggð, að austan: Austurhlíð Ásfjalls, og að sunnan: Grísanes.** Eftirfarandi reglur gilda um fólkvanginn: 1. Gangandi fólk er frjáls umferð um svæðið enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi. 2. Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum. 3. Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar. 4. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins. 5. Lausaganga hunda er bönnuð í fólkvanginum

Óskað er eftir að skipulagsnefnd taki málið fyrir á næsta fundi.

Virðingarfyllst

---

Pétur Jónsson landslagsarkitekt Landark ehf

Hjálagt : Teikningar :

- 01 Tillaga um breytingu á deiliskipulagið Ásvalla, Ásvöllum Hafnarfirði
- 02 Ásvellir Ásvöllum 1 Hafnarfirði, skýringarmyndir með deiliskipulagsuppdrætti.
- 03 Ásvellir Ásvöllum 1 Hafnarfirði, snið í byggingu að friðlandi
- 02 Ásvellir Ásvöllum 1 Hafnarfirði, skýringarmyndir, loftmynd.

Afrit sent til: Framkvæmdastjóri Hauka Magnús Gunnarsson [magnus@haukar.is](mailto:magnus@haukar.is)

Formaður knattspyrnudeildar Águst Sindri [ask@askil.is](mailto:ask@askil.is)

